



Árnesi, 16. ágúst 2023

Mál númer: M202308-0067

### Umsögn til starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu, mál nr. 119/2023.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þakkar fyrir það tækifæri að fá að senda inn umsögn varðandi endurskoðun á skattlagningu orkuvinnslu á Íslandi.

Árið 1980 bjó um það bil 33% íslensku þjóðarinnar á landsbyggðinni. Í dag, rúmlega 40 árum síðar, búa þar um 20% landsmanna. Þessa breytingu má að hluta til skrifa á versnandi búsetuskilyrði úti á landi miðað við höfuðborgarsvæðið. Öll sveitarfélög landsins þurfa að hafa sömu tækifæri til þess að byggja upp búsetuskilyrði sem þykja sjálfsögð í dag. Þessi tækifæri byggjast upp í kringum atvinnu og verðmætasköpun. En hafa sveitarfélög á landsbyggðinni, þar sem orkuvinnsla á sér stað, haft sömu tækifæri og þau sveitarfélög þar sem orkan er nýtt til verðmætasköpunar?

Orkuvinnsla á Íslandi er eina samkeppnisatvinnugreinin sem er undanþegin lögbundnum tekjustofnum sveitarfélaga. Sú undanþága kemur fram í 3. mgr. 26.gr. laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 og þar kemur fram:

*Rafveitur eru undanþegnar fasteignamati, þar á meðal línur til flutnings raforku ásamt burðarstólpum og spennistöðvum. Meta skal eftir venjulegum reglum hús, sem reist eru yfir aflstöðvar og spennistöðvar, og þær lóðir er þau standa á.*

Á grundvelli þessarar undanþágu hafa öll orkumannvirki í landinu verið undanþegin fasteignamati og þar af leiðandi undanþegin því að greiða fasteignaskatt til sveitarfélaga. Þessi undanþága var sett í lög árið 1963 og hefur haldist óbreytt síðan. Það er mikilvægt að rifja upp hvers vegna undanþágan varð til. Árið 1963 voru Sogsstöðvarnar þrjár full virkjaðar (samtals 91MW). Þá vantaði meiri orku og til þess að geta byggt stóra virkjun og hafið uppbyggingu á öflugum raforkukerfi í landinu þurfti stóran notanda rafmagns. Ekki var hægt að fá fjármögnun á alþjóðavettvangi fyrir slíkri stórframkvæmd nema með tryggum kaupanda að stærstum hluta orkunnar og sá kaupandi þurfti að fá ódýra orku. Til að skapa forsendur fyrir því að þetta væri mögulegt var sett í lög, árið 1963, undanþága frá fasteignamati til allra raforkumannvirka og þar með undanþága frá því að greiða fasteignaskatt til sveitarfélaga. Orkumannvirki eru dýrustu mannvirki sem byggð eru á Íslandi. **Forsendan fyrir undanþágunni var að orkumannvirki væru eignir sem ætlað er að gegna þjóðhagslegu þjónustuhlutverki og að ekki væri til þeirra stofnað sem arðbærra fyrirtækja.** Á þessum tíma var afhendingaröryggi raforku til almennings ekki gott, svo ávinningur þess að byggja upp öflugt raforkukerfi var gríðarlega mikill og þjónaði hagsmunum allra Íslendinga. Árið 1965 voru svo sett lög um Landsvirkjun og í framhaldi af því var Landsvirkjun stofnuð. Svona hljómaði 17.gr. reglugerðar um Landsvirkjun frá þessum tíma:

*Landsvirkjun er undanþegin tekjuskatti, eignarskatti, stimpilgjöldum vegna lána, sem fyrirtækið tekur, eða vegna eignaafsala til fyrirtækisins, útsvari, svo og öðrum gjöldum til sýslusjóða og sveitarfélaga. Þó skal Landsvirkjun greiða til sveitarfélaga þau opinberu gjöld sem þeim er gert að greiða af húseignum Landsvirkjunar skv. öðrum lagafyrirmælum.*

Landsvirkjun var því við stofnun, undanþegin öllum sköttum sveitarfélaga og ríkisins, nema hún þurfti að greiða fasteignaskatt af húseignum sínum, þar á meðal stöðvarhúsum.



Með setningu nýrra raforkulaga árið 2003 voru gerðar grundvallar breytingar á lagaumgjörð íslensks raforkumarkaðar. Raforkulög nr. 65/2003, fjalla um vinnslu, dreifingu, flutning og sölu raforku. Fram kemur í 1. gr. laganna að þeim sé ætlað að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Með nýjum raforkulögum árið 2003 var því íslenski raforkumarkaðurinn færður yfir í markaðsumhverfi og hefur síðan þá skilað gríðarlegum hagnaði.

Við það að breyta raforkulögum árið 2003 yfir í markaðsumhverfi, þá áttu ekki lengur við forsendur fyrir undanþágu fasteignamats, enda hefur árlegur hagnaður af orkuvinnslu síðustu árin hlaupið á mörgum tugum milljarða króna. Engar forsendur eru því lengur fyrir ívilnunum sem undan þiggur orkumannvirki frá fasteignamati og því að greiða fasteignaskatt til sveitarfélaga. Með réttu hefðu þessar undanþágur átt að falla úr gildi árið 2003 samhliða nýjum raforkulögum. Árið 2003 var búið að afnema allar skattaundanþágur gagnvart ríkisvaldinu en undanþágan sem snýr að því að greiða fasteignaskatta af öllum orkumannvirkjum sat enn þá óbreytt í lögum. Síðan þá hefur orkuvinnsla á Íslandi orðið gríðarlega arðbær og sem dæmi þá greiddi Landsvirkjun ein og sér um það bil 50 milljarða króna til ríkisins í formi tekjuskatts og arðgreiðslna vegna ársins 2022. Vakin er athygli á því að forsendur undanþágunnar frá því að greiða fasteignaskatt vegna orkuvinnslunnar voru þær að orkufyrirtækin væru ekki rekin til að skila arði.

Árið 2016 var skipaður starfshópur af innanríkisráðherra með það markmið að vinna að endurskoðun á ákvæðum laga um skattlagningu á mannvirki sem byggð eru í þeim tilgangi að framleiða eða flytja raforku. Eftir vinnu starfshópsins sem lauk í mars 2017 var afstaða fjármálaráðuneytisins skýr, að um öll orkumannvirki skuli gilda sama skattskylda og um önnur fyrirtæki. Þrátt fyrir það skilaði starfshópurinn engri niðurstöðu sökum mikillar andstöðu orkufyrirtækjanna í gegnum Samorku, samtök orku- og veitufyrirtækja. Orkufyrirtækin voru á þeim tíma mótfallin því að greiða sömu lögbundna skatta og öll önnur fyrirtæki á Íslandi þurfa að greiða. Velta má fyrir sér hvers vegna tekið var tillit til þeirra sjónarmiða. Einnig má velta má fyrir sér hvort heimilt sé samkvæmt jafnræðisreglu að hafa slíkar undanþágur í lögum, að undan þiggja eina samkeppnisatvinnugrein frá lögbundnum sköttum sem allar aðrar samkeppnisatvinnugreinar þurfa að greiða.


Uppbygging orkuvinnslu á Íslandi hefur verið háttáð á þann veg að höfuðstöðvar orkufyrirtækjanna eru á höfuðborgarsvæðinu. Landsvirkjun, Landsnet og Rarik sem eru í eigu ríkisins hafa takmarkaða starfsemi á höfuðborgarsvæðinu. Verðmætasköpun þessara fyrirtækja á sér stað á landsbyggðinni. Orkan er framleidd á landsbyggðinni, hún er flutt þaðan til notendanna, sem í flestum tilfellum er á höfuðborgarsvæðinu. Þar sem allar höfuðstöðvar orkufyrirtækjanna eru á höfuðborgarsvæðinu þá má áætla að flest afleidd störf orkuvinnslu, svo sem hjá verkfræðistofum, lögfræðistofum og öðrum sérfræðingum séu líka staðsett að megninu til á höfuðborgarsvæðinu. Orkuvinnsla á Íslandi greiðir því stærsta hlutann af útsvari starfsmanna sinna til sveitarfélaga sem hafa enga orkuvinnslu í sínu nærumhverfi.

Sveitarfélög á Íslandi hafa einungis tvo lögbundna tekjustofna, útsvar og fasteignaskatt, ásamt því að fá framlög frá Jöfnunarsjóði. Útsvar er veigamesti tekjustofn sveitarfélaganna og skilaði 69% af skatttekjum þeirra árið 2022. Fasteignaskattur skilaði 15% af skatttekjum sveitarfélaganna árið 2022.

**Orkuvinnsla á Íslandi skilar því mjög takmörkuðum tekjum til sveitarfélaga sem hafa orkuvinnslu í sínu nærumhverfi þar sem öll orkumannvirki eru undanþegin fasteignasköttum, nema af stöðvarhúsum, og megnið af störfunum tengdum orkuvinnslu eru á höfuðborgarsvæðinu. Hafa verður í huga því til viðbótar að nánast allur efnahagslegur ábati orkuframleiðslu á sér stað þar sem orkan er notuð. Þar verða störfin til. Þar verða búsetuskilyrðin til.**



Þeirri ranghugmynd hefur verið haldið á lofti um langan tíma að þau sveitarfélög þar sem stöðvarhúsin eru staðsett og fasteignaskattar eru greiddir af séu fjárhagslega sterk. Mikilvægt er að gera grein fyrir samspili þessara tekna og regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og hvaða áhrif það hefur á lítil sveitarfélög. Í byrjun árs 2023 reiknaði KPMG út fjárhagsleg áhrif Landsvirkjunar á Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Í sveitarfélaginu hefur stærsti hluti raforku landsins verið framleiddur. Þrjú stöðvarhús eru staðsett þar. Búrfellsvirkjun, Búrfellsvirkjun 2 og Sultartangavirkjun. Á árinu 2022 greiddi Landsvirkjun um það bil 240 milljónir í fasteignaskatt af stöðvarhúsum og fasteignum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Í útreikningum KPMG voru reiknuð áhrif þess ef starfsemi Landsvirkjunar væri ekki í sveitarfélaginu, ef Landsvirkjun myndi ekki greiða neinn fasteignaskatt og hvernig þessi 240 milljóna króna greiðsla fasteignaskatts hefur áhrif á framlög Jöfnunarsjóðs til sveitarfélagsins. Í töflunni hér að neðan sést hvernig framlög Jöfnunarsjóðs minnka á móti auknum tekjum frá Landsvirkjun. Í flestum tilfellum eru skerðingar Jöfnunarsjóðs hærri upphæð en sem nemur tekjum frá fasteignasköttum Landsvirkjunar.



Þegar 50% regla virkjust um skerðingar Jöfnunarsjóðs skv. 2. mgr. 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, þá falla niður allar greiðslur Jöfnunarsjóðs. Miðað við útreikninga KPMG er Skeiða- og Gnúpverjahreppur mjög nálægt þeim mörkum. Það þýðir að um það bil 240 milljóna króna greiðsla fasteignaskatta frá Landsvirkjun til Skeiða- og Gnúpverjahrepps getur orsakað skerðingu framlaga frá Jöfnunarsjóði sem nemur allt að 274 milljónum. Beint fjárhagslegt tap sveitarfélagsins af orkuvinnslu í núverandi lagaumgjörð getur því orðið allt að 34 milljónir.

U.þ.b. 35% raforkuframléiðslu Landsvirkjunar hefur farið fram í stöðvarhúsum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Í engu öðru sveitarfélagi hefur jafn mikil raforkuframléiðsla átt sér stað. Í gegnum sveitarfélagið liggja á annað hundrað kílómetrar af háspennulínunum enda hryggjarstykkið af flutningsneti Landsnets sem liggur í gegnum sveitarfélagið. Landsvirkjun, Landsnet og Rarik, orkufyrirtækin sem eru í eigu ríkisins, hafa samtals hátt í 700 starfsmenn. Einungis um 1% af þeim starfsmönnum býr í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Það gerir það að verkum að sveitarfélagið fær sáralitlar tekjur af útsvari starfsmanna í orkuvinnslu og regluverk jöfnunarsjóðs sem vinnur út frá



Íbúafjölda verður til þess að í flestum tilfellum verða skerðingar jöfnunarsjóðs hærrí upphæð en þeir fasteignaskattar sem greiddir eru af stöðvarhúsunum. Ábati sveitarfélagsins af orkuvinnslu í gegnum lögbundna tekjustofna sveitarfélaga er því í besta falli sáralitill en í fleiri tilfellum beint fjárhagslegt tap eins og sjá má á skýringarmyndinni á bls. 3.

Í 1. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 kemur m.a. fram að sveitarstjórn beri að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Í 1. mgr. 65. gr. kemur fram að sveitarstjórn skuli gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins. Eins og fram kemur í umfjöllun hér að framan, þá getur orkuvinnsla skilað sveitarfélaginu beinu fjárhagslegu tapi í núverandi lagaumgjörð. Að mati sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps er því mögulega brot á sveitarstjórnarlögum að heimila frekari uppbyggingu orkumannvirkja sem geta orsakað beint fjárhagslegt tap hjá sveitarfélaginu og þar með takmarkað möguleika sveitarfélagsins til að veita lögbundna þjónustu.

Þess vegna var eftirfarandi bókun gerð á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 15. febrúar 2023:

## **Virkjanaframkvæmdir á Þjórsár og Tungnaársvæðinu**

Frá því að ný sveitarstjórn tók til starfa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi þann 1. júní 2022 hefur mikil vinna farið í virkjanamál og málefni Landsvirkjunar. Hvammsvirkjun hefur verið fyrirferðarmikil í sveitarfélaginu síðustu 20 ár og er yfirferð framkvæmdaleyfis nú í gangi hjá sveitarstjórn. Á undanförunum mánuðum hefur mikil greiningarvinna átt sér stað í sveitarstjórn um áhrif orkuframleiðslunnar á nærumhverfi okkar og nærsamfélags orkuframleiðslu almennt. Tölulegar staðreyndir sýna fram á það að nærsamfélagið nýtur mjög takmarkaðs ávinnings af orkuframleiðslunni á meðan efnahagslegur ávinningur kemur fram þar sem orkan er nýtt. Sú staðreynd gerir það að verkum að orkuvinnsla í sveitarfélaginu þjónar ekki hagsmunum þess til framtíðar í óbreyttri mynd.

Vegna þessa leggur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps fram eftirfarandi bókun:

***Ríkisstjórn Íslands setti í stjórnarsáttmála sinn aðgerðir um orkuskipti og útfösun jarðefnaeldsneytis, þar sem grunnur er lagður að fullum orkuskiptum, að þeim verði náð eigi síðar en árið 2040 og að Ísland verði óháð jarðefnaeldsneyti fyrst þjóða. Hvammsvirkjun er einungis fyrsta skrefið af mörgum í gríðarlegum áformuðum virkjanaframkvæmdum Landsvirkjunar í nærumhverfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps á næstu 17 árum.***

***Ekkert samtal hefur átt sér stað á milli ríkis og sveitarfélaga sem þurfa að skipuleggja og heimila allar þessar framkvæmdir. Það er staðreynd að nærumhverfið þar sem orkan er framleidd nýtur mjög takmarkaðs ávinnings af henni.***

***Tryggja þarf með lögum að nærumhverfið þar sem orkan á uppsprettu sína, njóti efnahagslegs ávinnings sem mun styrkja byggð þar sem orkan verður til um allt land. Einnig þarf að breyta raforkulögum til að tryggja að dreifikostnaður raforku sé sá sami í dreifbýli og þéttbýli.***

***Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hvetur öll sveitarfélög á landsbyggðinni sem hafa orkumannvirki í nærumhverfi sínu, eða eru með hugsanleg virkjanaáform í farvatninu til þess að staldra við í skipulagsmálum virkjana á meðan sanngjörn skipting auðlindarinnar verður fest í lög. Með öðrum kosti verða engin orkuskipti á Íslandi í náinni framtíð.***



Frá 15. febrúar 2023 hefur því skipulagsvinnu vegna orkumannvirkja verið hætt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Þann 7. júní 2023 var eftirfarandi bókað á fundi í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

#### **Erindi til Skipulagsstofnunar**

Núverandi lagaumgjörð orkuvinnslu á Íslandi er slík að takmarkaður ábati skilar sér til nærumhverfis vindorkuframleiðslu og áhrifin verða verulega neikvæð. Ekki er hægt að heimila slíka uppbyggingu í núverandi lagaumgjörð. Á meðan ekki liggja fyrir samþykkt lög um vindorkuframleiðslu hefur sveitarfélagið engar forsendur til að meta möguleg áhrif vindorkuuppbyggingar á nærumhverfið. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps er hlynnt ábyrgri nýtingu auðlinda, en til þess að hún sé samfélaginu til hagsbóta þarf lagaumgjörð og skattaumgjörð að vera þannig að hún sé sanngjörn á milli nærumhverfis orkuframleiðslu og notenda orkunnar. Á grundvelli 7. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 óskar sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftir því við Skipulagsstofnun að fresta ákvörðun um landnotkun fyrir Búrfellslund samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun í allt að tíu ár. Skal meðan fresturinn stendur fara með þann kost eins og kosti í biðflokki.

***Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að fara fram á frestun um ákvörðun á landnotkun vegna fyrirhugaðs Búrfellslundar. Skal meðan fresturinn stendur fara með þann kost eins og kosti í biðflokki. Sveitarstjóra falið af senda erindið til Skipulagsstofnunar.***

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps var því fyrsta sveitarfélagið á Íslandi til að nýta sér 7. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Búrfellslundur sem áætlað var að yrði fyrsta vindorku virkjunin hefur því verið sett í biðflokk rammaáætlunar og er því ekki heimilt að undirbúa virkjanakostinn á meðan sú ákvörðun stendur.

Á ársfundi Landsvirkjunar þann 7. mars 2023 fóru framkvæmdastjórar Landsvirkjunar ítarlega yfir sterka stöðu fyrirtækisins sem hefur skapast síðustu ár, þá sérstaklega með endursamningum við stórnotendur raforku sem nota u.þ.b. 80% allrar raforku sem framleidd er á Íslandi. Skýrt hefur komið fram hjá forstjóra Landsvirkjunar að nú séu stórnotendur að greiða sambærilegt verð fyrir orkuna hér eins og í Noregi. Þá verðum við að skoða hvernig skattaumhverfi orkuvinnslunnar er í Noregi og gera kröfur um að skattgreiðslur orkufyrirtækja á Íslandi verði sambærilegar og þar.

Í skýrslunni „Vindorka, valkostir og greining“ sem Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið gaf út í apríl 2023 kemur fram að ef skattaumhverfi orkuvinnslu á Íslandi væri sambærilegt við Noreg, þá myndu skatttekjur ríkisins hækka um 36% en skatttekjur sveitarfélaga um rúmlega 800%. Mikilvægt er að starfshópur um endurskoðun skattaumhverfis orkuvinnslu kynni sér gaumgæfilega þennan mikla mun og tryggi að skattaumhverfi orkuvinnslu á Íslandi skili sveitarfélögunum sambærilegum skatttekjum eins og til dæmis í Noregi. Einnig er mikilvægt að horfa til þess að í Noregi eru sveitarfélög sem hafa haft vatnsaflsvirkjanir í sínu nærumhverfi fjárhagslega sterk sveitarfélög, á meðan þau sveitarfélög á Íslandi sem hafa haft helstu vatnsaflsvirkjanir í sínu nærumhverfi lítil, veikburða og hafa setið eftir í getu til bættra búsetuskilyrða.

Flestar vatnsaflsvirkjanir á Íslandi eru staðsettar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Fljótsdalshreppi og Ásahreppi. Meðfylgjandi tafla á bls. 6 sýnir rekstrarniðurstöðu þessara þriggja sveitarfélaga árið 2020





og 2021. Samanlagður íbúafjöldi þessa þriggja sveitarfélaga nær ekki 1.000 íbúum og samanlagður rekstur er í tapi. Helsta ástæða þess er eins og komið hefur fram í þessari umsögn, starfsmenn orkuframleiðslunnar búa ekki í sveitarfélögunum, sveitarfélögin fá ekki fasteignaskatta af orkumannvirkjunum og sitja því eftir í búsetuskilyrðum. Þau hafa ekki haft sömu tækifæri og önnur sveitarfélög til að byggja upp samkeppnishæf búsetuskilyrði.

Ár	Skeiða- og Gnúpverjahreppur		Fliótsdalshreppur		Ásahreppur		Samtals öll þrjú sveitarfélögin	
	2021	2020	2021	2020	2021	2020	2021	2020
<b>Rekstrartekj. í þús.kr.</b>								
Útsvar og fasteignagjöld	644,253	602,882	204,548	195,899	286,728	269,927	1,135,529	1,068,708
Framlag jöfnunarsjóðs	101,988	84,807	0	0	0	0	101,988	84,807
Aðrar tekjur	94,691	81,603	18,952	10,900	40,112	30,768	153,755	123,271
<b>Samtals rekstrartekjur</b>	<b>840,932</b>	<b>769,292</b>	<b>223,500</b>	<b>206,799</b>	<b>326,840</b>	<b>300,695</b>	<b>1,391,272</b>	<b>1,276,786</b>

<b>Rekstrargjöld í þús.kr</b>								
Laun og launatengd gjöld	332,243	340,249	27,384	32,198	142,437	145,308	502,064	517,755
Annar rekstrarkostnaður	474,917	432,335	216,865	186,502	171,802	216,208	863,584	835,045
Afskriftir og fjármagnsliðir	21,847	17,907	41,571	42,675	9,963	7,502	73,381	68,084
<b>Rekstramiðurstæða</b>	<b>11,925</b>	<b>-21,199</b>	<b>-62,320</b>	<b>-54,576</b>	<b>2,638</b>	<b>-68,323</b>	<b>-47,757</b>	<b>-144,098</b>

Samsetning raforkuverðs á Íslandi er byggt upp í þremur hlutum. Framleiðslu á rafmagn, flutningi á rafmagn á hárrí spennu með háspennulínunum og dreifing rafmagns til notenda á lægri spennu.

Samkeppnismarkaður er á sölu raforku. Allir Íslendingar geta fengið rafmagn á samkeppnisverði, óháð búsetu. Flutningur á rafmagn yfir háspennulínur er hins vegar undanþeginn samkeppnislögum og er fast verð á flutningi rafmagns um allt land. Þegar kemur að dreifingu, þá kemur fram í raforkulögum nr. 65/2003, 2. mgr. 17. gr. a., heimild dreifiveitna til að hafa sérstaka gjaldskrá á dreifbýlissvæðum þar sem kostnaður er sannanlega hærri en í þéttbýli. Þessi staðreynd gerir það að verkum að notendur í nærumhverfi orkuvinnslu þurfa að greiða hærri verð fyrir rafmagn heldur en notendur í þéttbýli, hundruðum kílómetra frá uppruna orkunnar. Þessu þarf að breyta. Þegar lokið verður við að skipta jarðefnaeldsneyti í samgöngum út fyrir rafmagn, þá þurfa allir notendur sem búa í þéttbýli að hafa aðgang að orku í dreifbýli. Allir Íslendingar þurfa að hafa sama aðgang að orkunni um allt land. Breyta þarf lögum sem tryggir sama verð á dreifingu á rafmagn um allt land, bæði í þéttbýli og dreifbýli.

Framundan eru orkuskipti á Íslandi. Skýrt kemur fram í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að fullum orkuskiptum skuli ná eigi síðar en 2040 og Ísland verði óháð jarðefnaeldsneyti fyrst þjóða. Að mati sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps er ekki hægt að ná þeim markmiðum með núverandi lagaumgjörð. Eins og komið hefur fram í umsögn þessari, þá er ávinningur sveitarfélaga sem hafa mikla orkuvinnslu í sínu nærumhverfi í besta falli takmarkaður og í mörgum tilfellum neikvæður á tekjur sveitarfélaga. Ástæðan er þríþætt:



- Hvernig orkuvinnsla á Íslandi hefur verið byggð upp um áratugaskeið með því að flest störfin eru ekki staðsett í sveitarfélögunum með orkumannvirkin.
- Undanþága orkumannvirkja frá því að vera metin til fasteignamats og þess vegna ekki skilað fasteignaskatti til sveitarfélaga. Af heildarverðmæti orkumannvirkja á Íslandi, þá eru stöðvarhúsin einungis 5% af verðmætinum. 95% orkumannvirkja eru því undanþegin fasteignaskatti sveitarfélaga.
- Regluverk jöfnunarsjóðs gerir það að verkum að megnið af fasteignasköttum stöðvarhúsa sem greitt er til lítilla sveitarfélaga orsaka sambærilegar eða hærri skerðingar frá jöfnunarsjóði.

Í vinnu starfshóps um endurskoðun skattaumhverfis orkuvinnslu á Íslandi telur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að eftirfarandi verði að hafa að leiðarljósi til þess að sátt náist um uppbyggingu orkuvinnslu á Íslandi til framtíðar.

- Síðasta undanþága orkuvinnslu frá lögbundnum tekjustofnun sveitarfélaga verði afnumin, öll orkumannvirki verði metin til fasteignamats sem sveitarfélögin fái greidd fasteignaskatt af.
- Skattar af orkuvinnslu á Íslandi til ríkis og sveitarfélaga verði sambærileg og í þeim löndum sem við berum okkur saman við, eins og til dæmis Noregi. Þar þurfi sérstaklega að horfa til fjölbreyttari skatttekna til nærumhverfis eins og hefur verið gert í Noregi, en ekki einungis tekjur í gegnum útsvar og fasteignaskatt.
- Við það að skipta út jarðefnaeldsneyti fyrir endurnýjanlega orkugjafa eins og rafmagn, þá þurfa allir Íslendingar að hafa aðgang að þeirri orku um allt land. Fella þarf út heimild í lögum sem leyfir sérstaka gjaldskrá fyrir dreifingu rafmagns í. Sama verð þarf að vera á dreifingu rafmagns um allt land.

F.h. sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

16. ágúst 2023

---

**Haraldur Þór Jónsson**

Oddviti / sveitarstjóri

# Undirritunarsíða

Haraldur Þór Jónsson